



Samanburður á smursíum

Óorginal sía. Pappinn í síunni er ekki nógu góður og því límast börðin saman. Flatarmál síuflatar minnkar töluvert ásamt olíuflæði í gegnum síuna.



Orginal sían er búin til úr betra efni, pappinn er af réttri gerð og börðin halda lögun sinni. Þetta tryggir að allt flatarmál síunnar síar olíuna og hámarkar flæðið í gegnum síuna.

Í notkun er gríðarlegur munur á smurþrýsting vélarinnar. Í tilfalli þessarar síu var smurþrýstingur í hægagangi 0,8 bar með óorginal síuna, við það eitt að setja orginal síuna í þá jókst þrýstingurinn uppí 2 bar. Sá munur er gríðarlegur og hefur mikil áhrif á endingu vélarhluta sem stóla á olíu, sveifarás, túrbínu oþh.

Þarna sjáum við muninn á síunum. Síur í blikkhúsi, eins og algengt er, líta allar vel út að utan. Að innan getur hún verið svipuð þessari síu þó við sjáum það ekki nema að skera hana upp. Notum því viðurkennd merki og tryggjum betri endingu vélarinnar.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.